

Íslenska stærðfræðafélagið

SKÝRSLA STJÓRNAR FYRIR ÁRIÐ 2017

Lögð fram á aðalfundi mánudaginn 28. maí 2018

Aðalfundur og stjórn

Síðasti aðalfundur var haldinn 9. maí 2017. Stjórn hélst óbreytt.

Í stjórn félagsins árið 2017 sátu Sigurður Freyr Hafstein formaður, Bergsteinn Einarsson féhirðir, Ingunn Gunnarsdóttir ritari, Bjarnheiður Kristinsdóttir og Sigurður Örn Stefánsson meðstjórnendur.

Ákveðið var að félagsgjöld héldust óbreytt 3000 kr en 1500 fyrir eldri borgara. Ólafur Ísleifsson var endurkjörinn skoðunarmaður reikninga og Kristín Halla Jónsdóttir til vara.

Á fundinum var samþykkt að 4 nýir félagar gengju í félagið og eru félagar þess nú alls XXX.

Ráðstefnur

Félagið stóð fyrir ráðstefnunni *Stærðfræði á Íslandi 2017* dagana 28. og 29. október og 1. nóvember. Ráðstefnan var haldin á Hótel Bifröst og voru þátttakendur alls 58. Dagskráin var fjölbreytt eins og sjá má í á vef félagsins.

Heiðursviðurkenningar: Kristínu Bjarnadóttur og Kristínu Höllu Jónsdóttur voru afhentar heiðursviðurkenningar hins Íslenska stærðfræðafélags fyrir vel unnin störf í þágu stærðfræði á Íslandi.

Bókaverðlaun á stúdentsprófi

Líkt og áður verðlaunaði Íslenska stærðfræðafélagið nýstúdentana fyrir framúrskarandi árangur í stærðfræði á stúdentsprófi. Verðlaunin voru bókin *Síðasta setning Fermats* eftir Simon Singh. Verðlaunahafar vorið 2017 voru alls 25 og jólin 2017 voru þeir alls 8 talsins. Einnig voru veitt verðlaun einum nemanda í frumgreinadeild Háskólans í Reykjavík.

Nánari upplýsingar um verðlaunahafana er að finna á heimasíðu félagsins stae.is/isf/verðlaun.

Stærðfræðikeppnir

Framkvæmdanefnd Stærðfræðikeppni framhaldsskólanema skipa nú þau Auðun Sæmundsson, Bjarnheiður Kristinsdóttir, Friðrik Diego, Gunnar Freyr Stefánsson, Jóhanna Eggertsdóttir, Íris Teresa Emilsdóttir og Marteinn Þór Harðar-

son. Nefndin fundar að jafnaði einu sinni í viku; semur keppnisdæmi og heldur utan um þjálfun og annað skipulag tengt innlendum sem erlendum stærðfræðikeppnum.

Svíþjóð var umsjónaraðili Norrænu stærðfræðikeppninnar vorið 2017. Marteinn Þór Harðarson var tengiliður okkar vegna keppninnar en nefndin var honum innan handar við yfirferð úrlausna. Keppnin fór fram þann 3. apríl 2017 og tóku 94 keppendur þátt. Að þessu sinni fékk enginn nemandi fullt hús stiga, 28 stig, en Björn Magnusson frá Svíþjóð náði 23 stigum. Svíar voru í efstu fimm sætunum en efstur íslensku keppendanna var Atli Fannar Franklín í 6.-7. sæti með 17 stig.

Ólympíulið Íslands í stærðfræði sumarið 2017 skipuðu þeir Atli Fannar Franklín úr MA, Ari Páll Agnarsson, Breki Pálsson, Elvar Wang Atlason og Hrólfur Eyjólfsson úr MR og Valgeir Sigurðsson úr Borgarholtsskóla. Þeir fóru til Rio de Janeiro í Brasilíu með Jóhönnu Eggertsdóttur fararstjóra. Marteinn Þór Harðarson var dómnefndarfulltrúi fyrir Íslands hönd. Alls tóku 615 nemendur frá 111 löndum þátt í keppninni, þar af 62 stúlkur. Á úrslitakvöldinu voru afhent 48 gullverðlaun, 90 silfurverðlaun, 153 bronsverðlaun og 222 heiðursviðurkenningar. Atli Fannar, Elvar og Hrólfur voru meðal þeirra sem tóku við heiðursviðurkenningu.

Fórkeppni stærðfræðikeppni framhaldsskólanema fór fram þann 3. október 2017 og voru þátttakendur alls 324, þar af 118 á neðra stigi og 208 á efra stigi frá alls 19 skólum. Taka þarf fram að vegna styttingar framhaldsskólans var skilyrðum milli neðra og efra stigs breytt þannig að á neðra stigi voru einungis nýnemar. Efstu nemendur á báðum stigum, alls 48 nemendur fengu þátttökurétt í lokakeppninni. Efstir á neðra stigi urðu Tómas Ingi Hrólfsson MH, Grétar Víðir Reynisson FB og Þorgeir Arnarsson MR. Efstir á efra stigi voru ólympíuliðsfélagarnir Elvar Wang Atlason MR, Ari Páll Agnarsson MR og Breki Pálsson MR.

Lið Íslands í Eystrasaltskeppninni í Sorø í Danmörku 9.-13. nóvember 2017 skipuðu þeir Ari Páll Agnarsson, Breki Pálsson, Elvari Wang Atlason, Hrólfur Eyjólfsson og Tómas Ingi Hrólfsson. Fararstjórar og þjálfarar voru þau Marteinn Þór Harðarson og Bjarnheiður Kristinsdóttir. Lið Íslands hafnaði í 10. sæti með 39 stig en efst var lið St. Pétursborgar með 85 stig.

Lokakeppni stærðfræðikeppni framhaldsskólanema veturinn 2017–2018 var haldin laugardaginn 10. mars 2018. Til keppni mættu þrjátíu og fimm nemendur og var Elvar Wang Atlason í fyrsta sæti með 59 stig af 60 mögulegum, Breki Pálsson var í öðru sæti með 55 stig og Hrólfur Eyjólfsson hafnaði í þriðja sæti með 47 stig.

Í gegnum tíðina hafa átján stúlkur tekið þátt á Ólympíuleikum í stærðfræði fyrir Íslands hönd og af þeim hafa fimm tekið tvisvar þátt. Fram kom réttmæt gagnrýni um að þessar fyrirmyndir hafi ekki verið gerðar nægilega sýnilegar fyrir aðrar stúlkur. Því er nú í gangi átak í að hafa samband við fyrrum kvenkynsþátttakendur og bjóða þeim að segja stuttlega frá sinni reynslu af þátttöku í keppninni til að skapa fyrirmyndir.

Fundur á starfsárinu, þ.e. frá síðasta aðalfundi

Fundur 17. maí 2017

Fyrirlesari: Anders Claesson

Efni: Conway's napkin problem

Fundargestir: 19

Fundur 5. júlí 2017

Fyrirlesari: Christopher Kellett

Efni: The Social Cost of CO₂

Fundargestir: 11

Fundur 31. ágúst 2017

Fyrirlesari: Leck and Roberts

Efni: Mathematics: Professional development for teachers and enrichment for students

Fundargestir: 16

Fundur 15. nóvember 2017

Kristínu Bjarnadóttur og Kristínu Höllu Jónsdóttur voru afhentar heiðursviðurkenningar fyrir vel unnin störf í þágu stærðfræði á Íslandi. Birtist af þessu tilefni tilkynning með mynd í Morgunblaðinu. Í upphafi fundar hélt Bjarnheiður Kristinsdóttir stutta tölu þar sem hún fór yfir framlag þeirra.

Fyrirlesari: Kristín Bjarnadóttir

Efni: Tillögur Royanmont-ráðstefnunnar um stærðfræðikennslu

Fundargestir: 25

Fundur 28. desember 2017 - Jólafundur

Fyrirlesari: Pawel Bartoszek

Efni: Þegar ég reyndi að hefna mín á stærfræðidæmi

Fundargestir: 50

Fundur 23. janúar 2018

Fyrirlesari: Kristín Halla Jónsdóttir

Efni: Kunnu Grikkir algebru?

Fundargestir: 34

Fundur 28. febrúar 2018

Fyrirlesari: Indriði Einarsson

Efni: Næmnigreining á mælingu þyngdarsviðsins með gervihnöttum

Fundargestir: gleymdist að skrá

Fundur 27. mars 2018

Fyrirlesari: Anthony Lyons
Efni: Solitons and nonlinearity
Fundargestir: 11

Fundur 18. apríl 2018
Fyrirlesari: Gunnar Stefánsson
Efni: Bitcoins og broskallar
Fundargestir: 37

Vefur félagsins og félagsmiðlar

Á vef félagsins www.stae.is/isf er að finna allar helstu upplýsingar um starfsemi félagsins, svo sem fundi, ráðstefnur, útgáfustarfsemi, stærðfræðikeppnir og vefútgáfu orðaskrárinnar. Hefur Bjarnheiður Kristinsdóttir haft veg og vanda af að halda honum við.

Jafnframt heldur félagið úti póstlista (*Póstlisti Íslenska stærðfræðafélagsins* á groups.google.com), síðu á snjaldurskinnu (facebook.com/IslenkaStaedfraedafelagid) og Twitter-síðu (twitter.com/isstaef). Á þessum miðlum eru auglýstir fundir og aðrir viðburðir á vegum félagsins.

Fjármál

Fjárhagur félagsins er með ágætum og eru eignir þess kr. 2.009.140 í lok tímabilsins og nam afkoma félagsins á rekstrartímabilinu kr. 247.173.

Menntamálaráðuneytið styrkti félagið til þátttöku í alþjóðasamtökum stærðfræðinga líkt og síðustu ár en styrkurinn er tekjufærður fyrir bæði árin 2018 og 2017 í rekstrarreikningi félagsins. Heildarfjárhæð styrksins er kr. 460 þús. og kann félagið ráðuneytinu bestu þakkir fyrir veittan stuðning (sjá fylgigögn).

Kostnaður félagsins við framkvæmd ráðstefnunnar *Stærðfræði á Íslandi 2017* nam alls kr. 1.186.900 en tekjur á móti voru kr. 1.424.750. Íslandsbanki styrkti ráðstefnu félagsins um kr. 200 þús. og kunnum við þeim bestar þakkir fyrir þann fjárstuðning.

Félagatal og umsóknir um aðild

Eins og áður er getið eru alls XXX félagar í Íslenska stærðfræðafélaginu. Frá síðasta aðalfundi hafa 2 sótt um aðild að félaginu og mælir stjórnin með því að aðalfundur samþykki inngöngu þeirra í félagið: Að auki þyrfti að fara í átak að afla nýrra meðlima með kynningu félagsins fyrir útskriftarnemum og jafnvel að bjóða BSc. nemum að komast á póstlista félagsins sér að endurgjaldslausu.

Jóhann Helgi Sigurðsson
Kennitala : 050974-4999
Skeljagrandi 5
107 Reykjavík
Netfang : johannahelgi@gmail.com
Námsferill: BS í stærðfræði frá HÍ 1998. MSc í Operational Research frá Strathclyde University árið 1999.

Eggert Karl Hafsteinsson
Kennitala : 070689-2199
Netfang : eggert_h@hotmail.com
Námsferill: Útskrifaðist úr HÍ vorið 2017 með gráðu í hagnýttri stærðfræði.

Alþjóðasamskipti

Félagið er aðili að Evrópska stærðfræðifélaginu og Alþjóðasambandi stærðfræðinga og greiðir gjöld til þeirra.

Fyrir fjórum árum ákvað Rannís að greiða framlag Íslands til Mittag-Leffler stofnunarinnar í Stokkhólmi líkt og rannsóknaráð hinna Norðurlandanna gera fyrir þau. Framlagið var jafnframt tvöfaldað og er það nú 4.500 evrur. Stærðfræðafélagið heldur samt áfram að skipa fulltrúa Íslands í stjórn stofnunarinnar. Núverandi fulltrúi er Ragnar Sigurðsson og hefur hann setið í tvö tímabil, en Anders Claesson mun taka við af honum í júlí.

Kristín Bjarnadóttir er fulltrúi félagsins í International Commission on Mathematical Instruction.

Í ritstjórn stærðfræðitímaritsins *Mathematica Scandinavica* situr Ragnar Sigurðsson sem fulltrúi félagsins. Ragnar óskar eftir því að nýr fulltrúi verði fundinn fyrir næsta aðalfund.

Sigurður Örn Stefánsson er fulltrúi félagsins í ritstjórn stærðfræðitímaritsins *Nordmat* (Nordisk matematisk tidsskrift) og gert er ráð fyrir að hann sitji þar áfram. Tímaritið hefur reyndar ekki verið virkt í mörg ár.

Tímarit og fréttabréf

Útgáfustarfsemi félagsins hefur verið með daufasta móti þetta árið (sem og árin á undan). Ekki hefur enn tekist að endurreisa hið gamalkunna fréttabréf félagsins þó hugmyndir hafi komið fram um vefútgáfu þess. Engar bækur hafa heldur verið gefnar út á vegum félagsins undanfarin ár. Félagið er aðili að útgáfu RAUST, tímarits um raunvísindi og stærðfræði, en það virðist hafa lagst til hinstu hvíldar. Fulltrúi félagsins í ritstjórn tímaritsins er Stefán Ingi Valdimarsson.

Formaður félagsins skrifaði stutta kynningu á Íslenska stærðfræðafélaginu í European Mathematical Society Newsletter No. 106, December 2017, bls. 32, í tilefni 70 ára afmælis félagsins.

Fyrir hönd stjórnar,
Sigurður Freyr Hafstein